

# Fréttapistill frá forseta Íslands

12. apríl 2021

Farfuglar koma sér áfram fyrir hér á Álftanesi. Fróðlegt er að fylgjast með lífsbaráttu hrossagauksins. Hann er farfugl eins og margæsin og lóan sem eru þegar komnar hingað en þó þekkist það líka að hrossagaukar hafi vetursetu á Íslandi. Ásgeir Valgarðsson tók þetta myndskleið sem má finna á fésbókarsíðunni Íslenskar fuglategundir.

Í mínu embætti hófst nýliðin vika á því að ég flutti ávarp til landsmanna í Ríkissjónvarpinu. Hægt er að sjá það og lesa hér: [www.forseti.is/fréttir/2021-04-04-avarp-forseta-islands/](http://www.forseti.is/fréttir/2021-04-04-avarp-forseta-islands/).

Í erindi mínu minnti ég meðal annars á hversu vel okkur Íslendingum hefur gengið í hinni löngu og ströngu baráttu við farsóttina illvígu. Þrautseigja og samstaða hefði þar ráðið mestu, ásamt því að við höfum flest sinnt okkur eigin sóttvörnum eftir bestu getu. Af sumum fréttum og samfélagsmiðlum mætti í fljótu bragði jafnvel ætla að hér sé nú hver höndin uppi á móti annarri, einingin rofin og þolgæðið þorrið. Ég er viss um að svo er ekki þegar betur er að gáð. Allur almenningur vill áfram leggja það á sig sem þarf til að halda veirunni í skefjum, í þeirri von og vissu að þá verði unnt að létta á flestum þeim hömlum sem við nú búum við um stundarsakir. Sá samfélagssáttmáli hlýtur hins vegar að byggja á því að um leið verði tryggt að veiran berist ekki stöðugt inn í landið. Varnir við landsteinna verða að duga. Um það er sem betur fer einhugur þótt rökrætt sé um fyrirkomulagið. Ég er líka viss um að fólk kann best að meta að öll þau, sem eru einhvers staðar í forystusveit og áhrifastöðum, vinni að sama marki í þessari sameiginlegu baráttu allra landsmanna.

„Við klárum þetta,“ sögðu eldri hjón við mig fyrir utan Geirabakarí í Borgarnesi þegar leið mín lá í Reykholt í síðustu viku, þann sögufræga og fallega stað. Gaman var að sjá fregnir af því um sama leyti að Íslendingar horfa almennt björtum augum fram á veg, þrátt fyrir allan okkar vanda. Einnig berast af því fregnir að við séum á heildina litið hamingjusamari en flestar aðrar þjóðir. Vissulega má margt gera svo miklu betur hér og vissulega á ekki að bæta böll með því að benda á annað verra. Samt getur manni stundum verið hollt að bera eigin stöðu saman við aðrar kringumstæður.

Síðustu vikur höfum við mörg fylgst hugfangin með eldsumbrotum á Reykjanesskaga. Tugþúsundir manna hafa lagt leið sína þangað og enn þakka ég öllu björgunar- og slysavarnarfólki, lögreglu og öðrum fyrir þeirra góða atbeina á gosslóðum. Nú standa vonir líka til þess að jarðeldurinn efli ferðaþjónustuna, laði fólk hingað sem hleypt verður í landið að því gefnu að það beri ekki smit með sér. Í síðustu viku hófst öflugt eldgos á annarri eyju, St. Vincent í Karíbahafi. Þúsundir hafa þurft að flýja heimili sín. Víðast annars staðar í þeim heimshluta er sár skortur á bóluefni og fátt um varnir fyrir þá sem veikjast illa af veirunni.

En aftur að því sem á mína daga dreif í síðustu viku: Síðastliðinn sunnudag birtist viðtal okkar Jóns G. Haukssonar á Hringbraut. Margt bar þar á góma og má sjá okkur spekingana spjalla hér: <https://hringbraut.frettabladid.is/.../gudni-th-johannesson/>

Fyrir skemmstu flutti ég ávarp á málþingi um endómetríósu, þann erfiða sjúkdóm sem þjakar þúsundir kvenna. Miðvikudaginn 7. apríl birtist á Vísi opið bréf til mín með þökkum og hvatningu til frekari umræðu og úrbóta. Ég tek heils hugar undir það. Stundum er gantast með að fæddu karlar börn færu þeir allir í sársaukaminni keisaraskurð. Væri meiri kröftum varið í leit að lyfjum og lækningum við endó ef meinið gæti líka lagst á okkur karlana? Ég efast ekki um vilja þeirra sem vinna að rannsóknum á þessu sviði, hér heima og um víða veröld, en betur má ef duga skal.

Síðastliðið föstudagur var alþjóðlegur dagur einhverfu. Þá er hvatt til aukinnar vitundar um einhverfa alls staðar í heiminum. Af því tilefni flutti ég kveðju að tilstuðlan samtakanna Blár apríl, styrktarfélags barna með einhverfu. Á það má horfa hér:

<https://www.facebook.com/embaettiforseta/posts/1887794221371089>.

Hér vek ég líka athygli á heimildarmyndinni Hvernig Titanic varð björgunarbáturinn minn. Í henni er fjallað um hinn unga Brynjar Karl sem er á einhverfurófi en plumar sig samt vel. Hér er slóð á myndina sem virkar á Íslandi fram í júlí:

<https://www.ruv.is/.../hvernig-titanic-varð.../31587/9d7iph>

Föstudaginn 9. apríl lést Filippus drottningarmaður, hertoginn af Kent, 99 ára að aldri. Ég sendi Elísabetu II Bretadrottningu, konungsfjölskyldunni og þegnum Sameinaða konungsríkisins og Samveldisins samúðarkveðju.

Filippus kom hingað til lands árið 1964, og var það fyrsta opinbera heimsókn fyrir hönd bresku konungsfjölskyldunnar hingað til lands. Hingað sigldi hertoginn með Britanniu, snekkju hirðarinnar, og fór hringinn í kringum landið áður en lagst var við bryggju í Reykjavík. Drottningarmanni var vel tekið enda ekki á hverjum degi sem svo tigginn gest bar að garði hér. Margmenni var á Austurvelli þegar hertoginn heimsótti Alþingi. Hann fór út á svalir þinghússins og mælti þar nokkur orð á íslensku. Glumdu þá við húrrahróp sem heyrðust um allan bæ, sagði í blóðum. Filippus hélt einnig hingað til Bessastaða og naut þar gestrisni forsetahjónanna, Ásgeirs Ásgeirssonar og Dóru Þórhallsdóttur. Þeir Ásgeir og hertoginn héldu út á Bessastaðanes og virtu fyrir sér fuglalífið sem var eins fjölskrúðugt þá og nú. Haft var á orði að Filippus vildi helst hafa ljósmyndara og blaðamenn víðs fjarri. Einn þeirra læddist þó nærri en varð frá að hverfa, blóðugur á höfði eftir harða árás kríu. Hermt er að hertoginn hafi kunnað það vel að meta. Ásgeiri forseta fannst annars mikið til um kunnáttu gestsins á þeim fuglum sem þeir sáu á göngu sinni. „Hann virtist vita bókstaflega allt um fugla,“ sagði forsetinn og var það aðeins ein andartegund sem þeir tveir voru ekki alveg vissir um. Til er afar skemmtileg kvikmynd frá heimsókn hertogans hingað til lands árið 1964 og má sjá hana hér: <https://www.youtube.com/watch?v=2fJ8ZtuuvNs&t=1s>.

Bretadrottning kom hingað til lands í opinbera heimsókn árið 1990, fyrst breskra þjóðhöfðingja. Filippus var með í för og Vigdís Finnbogadóttir var gestgjafi þeirra. Henni fórst það eins vel úr hendi og þeim Ásgeiri og Dóru fyrr á tíð. Filippus staldraði stundum við á Keflavíkurflugvelli á leið sinni yfir hafið. Fljótt fregnaðist að hann hefði miklar mætur á íslenskum pönnukökum. Æ síðan voru þær boðnar honum og eru til heimildir um að það dálæti hans hafi aldrei dvínað.

Filippus drottningarmaður hafði víst sérstakt skopskyn, hrjúft á stundum. Hann hefði eflaust haft lúmskt gaman af sögu úr þorskastríðunum sem lengi hefur lifað meðal

varðskipsmanna. Ég leyfi mér að birta hér frásögn Gylfa Geirssonar af átökum Baldurs við eina freigátuna síðla vetrar 1976. Sagan birtist í Sjómannablaðinu Víkingi í fyrra:

„Baldur átti í talsverðum útistöðum við bresku freigátuna Diomedé F-16 sem endaði með því að bakborðssíða freigátunnar hreinlega opnaðist og hún var þar með úr leik. Í síðustu útistöðum við Diomedé þann 27. mars 1976 NA út af Langanesi urðu margir árekstrar á milli skipanna er Diomedé reyndi að hindra varðskipið í að komast að breska togaranum Carlisle GY-681. Í síðasta árekstrinum þar sem Diomedé reyndi að keyra inn í stjórnborðssíðu Baldurs náði Baldur að snúa þannig að Diomedé fékk skuthornið á Baldri inn í síðuna miðskips. Það var einstök tilfinning að horfa á þetta út um afturgluggana í brú Baldurs og finna kippina sem komu þegar skuturinn sleit böndin í skrokki freigátunnar. Fyrsta höggið var hins vegar það mikið að menn áttu fullt í fangi með að standa í brúnni. Þegar freigátan hafði slitið sig lausa beygði hún snögg til hægri og hallaði dálítið á vinstri hliðina og sáum við þá ýmislegt velta út um gatið og lenda í sjónum. Við vorum að gera grín að því að þarna hefði officerabaráinn farið í hafið. Um kvöldið var svo sagt frá þessum árekstri í BBC og sagt að mynd af Philip prins hefði farið í sjóinn en háseta tekist að bjarga drottningunni; „Prince Philip lost in action at sea but a sailor managed to save the Queen“.“

Í lokin minni ég enn á að því miður ber enn á svindlpóstum í mínu nafni á fésbók og jafnvel öðrum samfélagsmiðlum. Ég hef aldrei verið með í einhvers konar happdrættisleikjum og mun aldrei útdeila fé á fésbók. Góðar stundir.